

Borg

(Örnefni, sagnir og landlýsing, eftir handriti Sigurjóns Jónssonar í Kálfavík. Skráð af J. Hj. 1935-36. Aths. Handritið er sums staðar fremur ógreinilegt og afstöðulýsingar vantar að mestu leyti, má því vel vera að villur hafi slæðzt hér inn.)

Jörðin Borg, sem nú er í eyði, stendur við botn Skötufjarðar austan megin. Þar eru mýrar og grundir allmiklar inn frá firðinum og töluvert undirlendi, sem hinar svo nefndu **Skötufjarðarár** (1) flæða yfir í vatnavöxtum og bera þá með sér aur og leðju. Upp frá undirlendi þessu rís allhá klettaborg, skammt fyrir neðan túnið og mun bærinn draga nafn sitt af henni. Fjallshlíðin upp af bænum er bæði há og brött með klettum og skriðum, en einnig grasi vöxnum hjöllum hið neðra, og líkist því í flestu hlíðinni utar með firðinum.

Á landamerkjum Borgar og Kálfavíkur er **Hvalskurðará** (2). Fyrir innan hana við sjóinn er svo nefnd **Leynivík** (3), en upp af henni eru neðst **Bakkar** (4), þá **Sætukoppahjalli** (5) og síðan **Stúfhjalli** (6). Uppi í fjallsbrúninni er svo nefndur **Pilhamar** (7), **Skógarhjallar** (8), **Kálfateigar** (9) og **Kálfateigalækur** (10). Fyrir innan Bakkana heitir **Hæstihjalli** (11), en inn og niður af bænum er **Hærri-Borg** (12), **Litla-Borg** (13) og **Ólafarhjalli** (14). Fyrir framan bæ er **Litlagil** (15), **Rimarhjalli** (16), **Bolli** (17) og **Bollagil** (18), en upp af bænum er **Bæjargil** (19). Fyrir ofan brún eru **Gilmóar** (20), **Miðmorgunssteinn** (21) og **Þverhlíð** (22). Þar fyrir framan er nefndur **Heimrigangur** (23), **Stórhilla** (24) og **Fremrigangur** (25). Ennfremur **Langalág** (26), **Sjónarborg** (27), **Sniðhjallar** (28), **Seljalækur** (29) og **Selhjallar** (30), og er þá komið fram undir aðalhálandið, sem einu nafni er kallað **Fjallgarður** (31). Hærra og framar á fjallinu er **Fagrilækur** (32), **Grímshóll** (33) og **Grímshólsbrekkur** (34). Þar fyrir framan er **Þverá** (35), **Langiþröskuldur** (36), **Fjalleyrar** (37) og **Litlikambur** (38).

Stafrófsskrá örnefna

Bakkar 4
Bollagil 18
Bolli 17
Borg, Hærri- 12
Borg, Litla- 13
Bæjargil 19
Fagrilækur 32
Fjalleyrar 37
Fjallgarður 31
Fremrigangur 25
Gilmóar 20
Grímshóll 33
Grímshólsbrekkur 34
Heimrigangur 23
Hvalskurðará 2
Hærri-Borg 12
Hæstihjalli 11
Kálfateigalækur 10
Kálfateigar 9
Langalág 26
Langiþröskuldur 36
Leynivík 3
Litla-Borg 13
Litlagil 15
Litlikambur 38
Miðmorgunssteinn 21
Ólafarhjalli 14
Rimarhjalli 16
Selhjallar 30
Seljalækur 29
Sjónarborg 27
Skógarhjallar 8
Skötufjarðarár 1
Sniðhjallar 28
Stórhilla 24
Stúfhjalli 6
Sætukoppahjalli 5
Þilhamar 7
Þverá 35
Þverhlíð 22